

3. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 29 3. nóv. 1915, um þingsköp Alþingis.

(Lagt fyrir aukáþing 1933).

1. gr.

6. gr. laganna skal orða svo:

Eftir kosningar þær, sem um ræðir í 3. og 4. gr., skal kjósa til efri deildar þá tölu þingmanna, er þar skulu eiga sæti, (stjskr. 1933, 1. og 2. gr.), og skulu þeir kosnir hlutfallskosningu.

2. gr.

9. gr. laganna skal orða svo:

Nú deyr efri deildar þingmaður og annar maður er kosinn í hans stað, og skal þá sameinað Alþingi kjósa einn mann til efri deildar.

3. gr.

16. gr. laganna skal orða svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

- 1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
- 2) utanrikismálanefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáráukalaga og þings-ályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr rikissjóði. Til utanrikismálanefndar skal vísað utanrikismálum og þeim öðrum málum, er sameinað þing eða önnurhvor deildin ákveður. Utanrikismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana slík mál, sem fyrir koma milli þinga.

Hvor þingdeild skal og skipa fastanefndir til þess að fjalla um ákveðnar tegundir mála. Til þeirra nefnda má síðar vísa skyldum málum. Tala nefndarmanna skal að öllum jafnaði standa á stöku.

Jafnan skal skipa þessar fastanefndir í deildum, og skal það gert á öðrum þingfundi hvorrar deildar:

- 1) fjárhagsnefnd,
- 2) samgöngumálanefnd,
- 3) landbúnaðarnefnd,
- 4) sjávarútvegsnefnd,
- 5) iðnaðarnefnd,
- 6) menntamálanefnd,
- 7) allsherjarnefnd.

Skal þingmönnum í hvorri deild skipt í þessar nefndir, og mega ekki fleiri vera en 5 í neinni nefndinni.

Hver fastanefnd þingsins kýs sér formann og fundaskrifara.

Formenn fastanefnda í hvorri deild, forseti og fyrri varaforseti, skulu skipa eina nefnd. Skal hún ráða vinnubrögðum allra nefnda í deildinni; heitir sú vinnunefnd; er forseti formaður hennar.

Vinnunefnd skal skipa fyrir um fundatíma nefndanna og sjá um, að þeir rekist ekki á.

Hún tekur til, í hvaða röð hver fastanefnd skuli vinna að þeim málum, sem til hennar er vísað.

Nú þykir nauðsyn til bera, vegna vinnubragða, að hafa mannaskipti í nefndum, lengur eða skemur, og skal vinnunefndin þá hlutast til um, að manna-skiptin komist á, þó svo, að viðkomandi fastanefndir samþykki. Náist ekki samkomulag, má vinnunefnd skjóta ágreiningnum undir úrskurð deildarinnar.

Til fastanefndanna getur hvor þingdeild vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir, að nefnd ihugi, og skal þá að jafnaði vísa

hverju máli til sömu fastanefndar í báðum deildum. Það er samvinnunefnd, ef samkynja fastanefndir beggja deilda vinna saman.

Heimilt er þó hvorri deild að kjósa lausanefndir til að ihuga einstök mál. Hver lausanefnd kýs sér formann og ritara, og skal ritarinn vera framsögumaður.

Fastanefndir kjósa framsögumann fyrir hvert mál, sem þær fjalla um. Engum fastanefndarmanni er skylt að hafa á hendi í senn framsögu í fleiri málum en tveimur.

Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið, þá skal henni frestað.

4. gr.

20. gr. laganna skal orða svo:

Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar, fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild, eða þrisvar sinnum í sameinuðu þingi, þegar um er að ræða frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga (stjkskr. 1933, 6. og 7. gr.).

5. gr.

Síðustu málsgrein 26. gr. laganna skal orða svo:

Ef frumvarp er samþykkt í sameinuðu þingi, sendir forseti það ráðherra. Ella fellur það niður.

6. gr.

Síðustu málsgr. 29. gr. laganna skal orða svo:

Þingsályktunartillögur, sem fara fram á útgjöld úr rikissjóði, skal jafnan herað upp í sameinuðu þingi og hafa tvær umræður um þær.

7. gr.

Á eftir orðunum: „Þegar lagafrumvörp koma í sameinað þing“ í 3. málsgr. 32. gr. laganna kemur: frá annari hvorri þingdeildinni.

Síðasta málsgrein sömu greinar fellur burt.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 3 22. marz 1928 um breyting á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 29 3. nóv. 1915, og lög nr. 12 23. júní 1932, um breyting á sömu lögum.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi samtímis stjórnarskipunarlögum, samþykktum á Alþingi 1933, um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, 18. maí 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Af breytingu þeirri, sem verður á skipun Alþingis, þegar stjórnarskrárbreytingin kemur í gildi, leiðir og, að breyta verður til samræmis nokkrum ákvæðum þingskapanna. Stjórninni er það að vísu ljóst, að full þörf er á að taka

Þingsköpin til gagngerðrar endurskoðunar, en þykir hinsvegar ekki bera til þess svo brýna nauðsyn á aukabínginu, að hún vilji eiga á hættu að tefja störf þess af þeim sökum. Þykir því rétt að þessu sinni að bera ekki fram aðrar breytingar, sem máli skipta, en þær, sem eigi verður komizt hjá að gera vegna stjórnarskrárinnar. Um einstök ákvæði frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Rétt þykir að ákveða, að beitt sé hlutfallskosningu, þá er sameinað þing kys til efri deildar, á næsta þingi eftir almennar kosningar. Þótt svo hafi ekki verið fyrir mælt áður í þingsköpum, mun sú hafa jafnan orðið reyndin.

Um 2. gr.

Hér eru aðeins lagfærð til samræmis við stjórnarskrárbreytinguna ákvæði 9. gr. þingskapanna um aukakosningu til efri deildar.

Um 3. gr.

Inn í hana eru felld ákvæði l. nr. 3 1928 og l. nr. 12 1932, um breytingar á þingsköpunum, og jafnframt lagt til í 8. gr. frv., að þau lög verði numin úr gildi.

Hæfilegt þykir, að 9 menn séu í fjárveitinganefnd, sem nú verður kosin í sameinuðu þingi, eða 2 mönnum fleira en verið hafa jafnan í fjárveitinganefnd neðri deildar, en ofviða og óheppilegt, vegna vinnubragða, að hafa þá fleiri.

Lagt er til, að fjárveitinganefndir í deildum falli úr tölu fastanefnda. Aðalverkefni þeirra nefnda hefir verið fjárlög og fjáráukalög, og mega þær því niður falla eftir að frumvörp til þeirra laga fara beint í sameinað þing.

Ákvæði þessarar greinar um, að hverju máli skuli vísað til sömu fastanefndar í báðum deildum, hafa alloft verið brotin. Nægilegt þykir að ákveða, að svo skuli *að jafnaði* gert.

Það veldur ruglingi, að ákveðið skuli vera, að fastanefndir kjósi fundaskrifara, og síðan ritara fyrir hvert mál, sem þær fjalla um, og skuli hann vera framsögumaður þess máls. Vegna þess, að greinin er hér tekin upp í heild, er þetta lagfært og orðað svo, að kosinn skuli framsögumaður fyrir hvert mál, en ritaraheitinu sleppt.

Í niðurlagi frumvarpsgreinarinnar er bætt ákvæði, sem nú er í upphafsmálgrein lagagreinarinnar. Hér á það bæði betur heima samkvæmt efni þess, og tekur þá auk þess einnig til frumvarpanna í sameinuðu þingi, eins og sjálfsagt er.

Niðurlagsákvæði 16. gr. þingskapanna frá 1915, um að leita skuli álits fjárveitinganefndar um fjárhagsatriði máls, sem vísað er til annarar nefndar, hefir aldrei verið fylgt, nema rétt í byrjun, 2 eða 3 þing, og þykir því ekki ástæða til þess að halda því fyrirmæli í lögum.

Um 4.—5 gr.

Sjálfsagðar breytingar vegna ákvæða stjórnarskrárfv. um meðferð fjárlaga og fjáráukalaga.

Um 6. gr.

Niðurlagsákvæði 29. gr. þingskapanna, um, að þingsályktunartillögur, sem fela í sér fjárútlát, skuli bornar upp í báðum deildum, virðist einsætt að breyta á þá leið, að þær skuli fluttar í sameinuðu þingi, eftir að fjárlagameðferð öll er þangað færð og jafnan er þar til taks nefnd (fjárveitinganefnd), er slík mál eiga beinlínis undir.

Um 7. gr.

Fyrri breytingin er viðbót, sem leiðir af ákvæðum 6. gr. stjórnarskrárfrv. Síðari breytingin er um að fella burt niðurlagsákvæði 32. gr., um að $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða þurfi til þess, að fjárveiting nái fram að ganga, sem fjárveitinganefnd mælir í móti í einu hljóði með nafnakalli, sem bókað sé í fundabók nefndarinnar. Þessu ákvæði, sem sett var inn í þingsköp 1915, mun örsjaldan eða aldrei hafa verið beitt, og virðist það óþarft, einkum eftir að fjárveitingar í fjárlögum og fjárukalögum koma eingöngu til atkvæða í sameinuðu þingi og því ekki framar hættu á, að slíkar tillögur nái fram að ganga gegn vilja meiri hluta þings.

Um 8.—9. gr.

Þurfa ekki frekari skýringa.